

AÐALFUNDUR EININGAR-ÍÐJU

8. júní 2020



Aðalfundur Einingar-Iðju

Menningarhúsið HOF, Akureyri

8. júní 2020 kl. 19:30

Dagskrá

1. Fundarsetning/fundarstjóri.
2. Látinna félaga minnst.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins.
5. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
6. Kosning löggilts endurskoðanda.
7. Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
8. Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.
9. Kosning 42 fulltrúa á ársfund Stapa lífeyrissjóðs.
10. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
11. Önnur mál.

885 launagreiðendur greiddu iðgjöld af starfsmönnum sínum til félagsins árið 2019 - - 25 stærstu launagreiðendur á árinu 2019 -



Eining-Iðja - Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit	bls.
Ársskýrsla.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	13
Áritun skoðunarmanna.....	15
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins.....	16
Yfirlit um efnahag félagsins.....	17
Rekstrarreikningur félagssjóðs.....	18
Efnahagsreikningur félagssjóðs.....	19
Efnahagsreikningur félagssjóðs.....	20
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs.....	21
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs.....	22
Rekstrarreikningur orlofssjóðs.....	23
Efnahagsreikningur orlofssjóðs.....	24
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs.....	25
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs.....	25
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs.....	26
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs.....	27
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs.....	28
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs.....	29
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur.....	30
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur.....	31
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar.....	32
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar.....	33
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-Iðju.....	34
Samandreginn rekstrarreikningur.....	35
Samandreginn efnahagsreikningur.....	36
Sjóðstreymi.....	37
Skýringar og sundurliðandir.....	38
Dagskrárliður 5 – Stjórn, skoðunarmenn og trúnaðarráð.....	44
Dagskrárliður 6 - Löggiltur endurskoðandi félagsins.....	45
Dagskrárliður 7 – Kjörstjórn.....	45
Dagskrárliður 8 - Fastanefndir félagsins og stjórnir.....	45
Dagskrárliður 9 - Fulltrúar á ársfund Stapa lífeyrissjóðs.....	46
Dagskrárliður 10 – Stjórnarlaun.....	46

Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löja var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löju félags verksmiðjufólks. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Siglufirði Einingu-löju. Fullgildir félagsmenn í árslok 2019 voru 8.328.

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Á árinu sameinaðist hússjóður Siglufjarðar og hússjóður Dalvíkur, Byggingasjóði og eru þá allar fasteignir sem notaðar eru undir starfsemi félagsins í einum sjóði.

Heildartekjur	567.016.913
Heildargjöld	(549.171.068)
Tekjuafgangur	38.214.881

Laun formanns félagsins námu á árinu 2019 kr. 12.885.183 og laun stjórnar kr. 4.006.000.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löju staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Akureyri, 5. maí 2020

Stjórn


Robert Þorsteinsson
Yvonne Magnúsdóttir
INVAR KRISTJÓNSSON
Guðbjörg Helga Andriásdóttir
Sigurpáll Hennarsson
Tryggvi Jóhannsson
S. Audur Þorsteins
Guðrún J. Þorbjarnard
Mægrét Jónsdóttir
Anna Júlíusdóttir
Sigríður K. Björkadóttir
Helga Björnsdóttir

Skýrsla stjórnar

Aðalskrifstofa félagsins er á Akureyri, en einnig eru skrifstofur á Dalvík og í Fjallabyggð.



Starfsmenn félagsins eru:

- Aðalbjörg G. Hauksdóttir, afgreiðslu- og þjónustuf.
- Anna Júlíusdóttir, varaformaður.
- Arnór Sigmarsson, lögfræðingur og þjónustufulltrúi.
- Ásgrímur Örn Hallgrímsson, upplýsingafulltrúi.
- Björn Snæbjörnsson, formaður.
- Eyrún Halla Eyjólfssdóttir, þjónustufulltrúi.
- Helga Níelsdóttir, þjónustufulltrúi á Dalvík.
- Íris Björk Árnadóttir, ræstiteknir.
- Margrét Einarsdóttir, innheimtustjóri.
- Margrét Jónsdóttir, þjónustufulltrúi í Fjallabyggð.
- Sigrún Lárusdóttir, skrifstofustjóri.
- Vilhelm Adolfsson, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits.
- Elsa Sigmundsdóttir, verkefnast. og ráðgjafi hjá VIRK
- Helga Þyri Bragadóttir, ráðgjafi hjá VIRK
- Nicole Kristjánsson, ráðgjafi hjá VIRK
- Svana Rún Símonardóttir, ráðgjafi hjá VIRK

Hafðís E. Ásbjarnardóttir, lét af störfum hjá félaginu á starfsárinu. Arnór Sigmarsson hóf störf 1. júní í fyrra, en hann var ráðinn úr hópi 17 umsækjanda.

Elsa, Helga, Nicole og Svana eru starfsmenn Einingar-löju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu. Þær eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Svana er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð á miðviku-dögum og Nicole er með fasta viðveru á skrifstofunni á Dalvík á þriðjudögum.

Vilhelm Adolfsson er verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Hann er starfsmaður félagsins og með aðsetur á skrifstofunni á Akureyri, en starfar fyrir fjölmörg stéttarfélög sem eru starfandi á þessu svæði.

Svæðisfulltrúar

Svæðisfulltrúar félagsins eru þrír. Guðrún Þorbjarnardóttir, Svæðisráð Hríseyjar og Dalvíkurbyggðar, Margrét Jónsdóttir, Svæðisráð Fjallabyggðar, og Róbert Þorsteinsson, Svæðisráð Grýtubakkahrepps. Varamenn eru: Sigríður Jósepsdóttir, Hrísey og Dalvíkurbyggð, Þorvaldur Hreinsson Fjallabyggð og Þorsteinn Þormóðsson, Grýtubakkahreppi.

Svæðisfulltrúar sitja í aðalstjórn félagsins fyrir hönd síns svæðis og eru varamenn þeirra sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Stjórn félagsins 2019-2020

Eins og áður hefur komið fram sátu þrír svæðisfulltrúar í stjórninni, þau Guðrún, Margrét og Róbert. Auk þeirra sátu í stjórninni Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Hrefna Björg W. Björnsdóttir ritari stjórnar og Sigurpáll Gunnarsson meðstjórnandi. Þrír formenn deilda og þrír varaformenn sátu einnig í stjórninni; Ingvar Kristjánsson og Svavar Magnússon frá Iðnaðar- og tækjadeild, Sigríður K. Bjarkadóttir og Guðbjörg Helga Andrésdóttir frá Opinberu deild og Tryggvi Jóhannsson og Sólveig Auður Þorsteinsdóttir frá Matvæla- og þjónustudeild.

Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2019 voru 237 félagsmenn á atvinnuleysis-skrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga af sér félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fjölgun um 68 milli ára.

Félagsgjald

Tekið er 1% félagsgjald af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.



Lykiltölur

	Tekjur	2019	2018
Félagsgjöld / iðgjöld		209.094.870	198.731.685
Sjúkrasjóðsgjöld		170.360.387	163.168.269
Orlofssjóðsgjöld		81.761.074	78.264.374
Húsaleiga		40.794.972	39.663.173
Aðrar tekjur		58.479.241	58.645.095
Samtals tekjur		560.490.544	538.472.596
Gjöld			
Styrkir til félagsmanna		170.544.787	177.215.910
Rekstur og viðhald fasteigna		79.520.144	70.571.360
Laun, rek.kostn. og afskriftir		297.861.745	296.921.877
Samtals gjöld		547.926.676	544.709.147
Fjármagnsliðir		5.281.977	6.820.516
Hreinar tekjur til ráðstöfunar		38.214.881	583.965

Félagavefnum lokað

Um miðjan maí var félagavefnum lokað vegna þess að félagið hefur tekið í notkun nýtt félagakerfi. Búið er að opna fyrir nýjan Orlofshúsavef félagsins og „Mínar síður“ eru væntanlegar á næstunni. Þá er nýr launagreiðendavefur í vinnslu.

Nýr orlofshúsavefur

Nýr Orlofshúsavefur félagsins er einfalt kerfi fyrir orlofseignir. Félagsmenn geta skráð sig inn og sótt um eða pantað orlofseignir og gengið frá greiðslu samstundis. Úthlutunarvélin er ein sú öflugasta sem í boði er. Til að flýta fyrir úthlutun er hún sívirk á umsóknartímabilinu og raðar umsækjendum orlofs-eigna á þann stað í úthlutunarröð sem þeir eiga að vera á strax við innsendingu umsóknar.

Þegar gengið hefur verið frá greiðslu sendir kerfið samning í tölvupósti til kaupanda.

Gistimiðar og frístundakort

Með miðakerfinu í Frímanni getur félagið nú boðið félagsmönnum upp á að kaupa miða sem gilda á fleiri hótél en áður. Undanfarin ár hefur félagið verið með niðurgreidda miða á Kea hótél, Íslandshótél og Hótel Eddu. Núna geta félagsmenn einnig keypt miða á fleiri hótél, t.d. Icelandair hótél, Alba Guesthouse, Hótel Ísland, Hotel Vestmannaeyjar og Hótel Klaustur.

Einnig er hægt að kaupa á vefnum Útilegukortið og Veiðikortið. Auðvelt er að kaupa kortin í gegnum Orlofshúsavefinn, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Áfram verður hægt að kaupa þessi kort á skrifstofum félagsins.

Ekki þarf að skrá sig inn til að skoða hvaða eignir eða hótél eru í boði. Einungis þarf að skrá sig inn ef viðkomandi ætlar að sækja um hús, íbúð eða Orlof að eigin vali þegar sumarúthlutun er í gangi, panta hús eða íbúð að vetri til eða kaupa gistimiða eða kort sem

í boði eru allt árið um kring. Innskráning fer fram með Íslykli eða rafrænum skilríkjum, en auðkenningin eða innskráningin fer fram í gegnum island.is.

Mínar síður í vinnslu

Félagakerfið í Frímann heldur utan um punktasögu félagsmanna, það dregur sjálfkrafa frá punkta sem félagsmenn nýta. Hægt verður að sjá greiðslur frá félaginu og þá munu félagsmenn getað skoðað og sótt rafrænt um þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóð og fræðslusjóð á mun einfaldari hátt en nú er í boði.

Þegar „Mínar síður“ verða teknar í notkun eru félagsmenn hvattir til að skoða vel upplýsingar um sig þar inni og laga ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

Launagreiðendavefur

Félagið er með launagreiðendavef sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur.

Í skilagreinarakerfinu eru t.d. villuprófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja enn öruggari skil en áður en hann var tekinn í gagnið. Í yfirliti fást síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skilagreinar og greiðslustöðu.

Nýr Launagreiðendavefur er í vinnslu.

Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir	908
Styrkir úr sjúkrasjóði	2.486
Orlofshús og styrkir	1.487
Orlofsferðir og leiksýningar	262
Samtals	5.143
Árið 2018 voru sambærilegar tölur	4.749

Helstu styrkir úr félagssjóði

Jólaaðstoðin	900.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	400.000
Grófin	100.000

Félagatal

	Aðalfélagar	Svæðisráð	Starfsgreinadeildir (*Heildarfjöldi þeirra sem greiða)				
			2019*	2018	2017	2016	2015
2019	8.328	1.588					
2018	8.246	1.510					
2017	7.789	1.502					
2016	7.393	1.444					
2015	7.395	1.434					
			Opinbera deildin				
			2.493	1.545	1.537	1.408	1.402
			Matvæla- og þjónustu.				
			3.949	2.219	2.288	2.006	1.956
			Iðnaðar- og tækjadeild				
			1.979	1.002	971	904	809


Eining-Iðja er á Facebook. Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins, www.ein.is, birtast jafnframt þar ásamt öðru sem tilheyrir starfinu. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „líka“ Facebook síðuna.

Vinsamlegast athugið að ekki er fylgst með síðunni allan sólarhringinn, en reynt er að bregðast við athugasemdum eins fljótt og hægt er.

Þeir sem vilja hafa samband við félagið er bent á að hringja í 460 3600, eða senda póst á ein@ein.is



	2019			2018		
	Fjöldi		Upphæð	Fjöldi		Upphæð
Fjárveitingar úr sjúkrasjóði	félaga	styrkja		félaga	styrkja	
Dagpeningar	205	494	124.548.384	208	525	126.766.793
Útfararstyrkir.....	9	9	2.810.000	22	22	5.530.000
Bætur samtals	214	503	127.358.384	230	547	132.296.793
Styrkir til félagsmanna						
Sjúkraþjálfun og sjúkranudd	467	815	7.618.457	482	796	8.252.694
Krabbameinsskoðun	363	390	1.877.700	286	300	1.437.927
Líkamsrækt	955	1.109	14.653.699	879	1.024	13.791.606
Aðrir styrkir	487	491	8.969.892	357	429	7.735.552
Styrkir til sjóðsfélaga samtals	2.272	2.805	33.119.748	2.004	2.549	31.217.830
Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði	2.486	3.308	160.478.132	2.234	3.096	163.514.623



Námskeið

Aðalbjörg G. Hauksdóttir veitir allar upplýsingar og er tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu, en Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómstundánámskeið félagsins. Ef félagsmenn fá hugmynd af einhverskonar námskeiði heyrið þá í Önnu.

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannánámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag í Alþýðuhúsinu. Mjög góð þátttaka var á þessum námskeiðum og eins og alltaf er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á námskeiðin því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Í nóvember hélt félagið og SÍMEY dyravarðánámskeið, í samvinnu við Lögregluna á Norðurlandi eystra. Þetta var í fyrsta skipti sem SÍMEY kemur að skipulagningu og framkvæmd dyravarðánámskeiðs, en það er ætlað starfandi dyravörðum, þeim sem ætla að starfa við dyravörslu, starfsfólki hótela og veitingahúsa sem t.d. vinnur á næturvöktum. Síðustu áratugi hefur Eining-Iðja haldið dyravarðánámskeið í samstarfi við lögregluna en með samningi sem gerður var við félagið tók SÍMEY að sér að skipuleggja og halda utan um þessi námskeið.

Í lok febrúar hélt félagið starfslokanámskeið, í samvinnu við SÍMEY, fyrir félagsmenn sem eru að nálgast eftirlaunaaldur með það að markmiði að fræða viðkomandi um rétt sinn og að leiðbeina við starfslok. Námskeiðið stóð yfir í tvo daga, milli kl.

16:30 og 20:00 báða dagana. Frítt var á námskeiðið fyrir félagsmenn Einingar-Iðju, en rúmlega 50 mættu á það. Fjölbreytt dagskrá var í boði og var mikil ánægja á meðal þátttakanda með hvernig til tókst.

Félagsmönnum var boðið upp á fleiri námskeið en vegna ónógrar þátttöku og Covid veirunnar þurfti að fella þau niður.

Samstarfssamningur við SÍMEY

Í lok október í fyrra var skrifað undir samstarfssamning við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Fjölmörg námskeið og námsleiðir eru í boði og geta áhugasamir kíkt á www.simey.is til að sjá hvað er í boði.

Vert er að minna félagsmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum að starfsmenntasjóðirnir Sveitamennt og Ríkismennt greiða námskeiðsgjald vegna þátttöku almennra starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins. Þetta á einnig við um stofnanir ríkis og sveitarfélaga sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt.



Starfsmenntasjóðir

908 félagsmenn, 541 konur og 367 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er fækkun um 92 styrki milli ára, en upphæðin sem greidd var út hækkaði samt um rúma milljón og var kr. 45.119.788.

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga.....	109
Tungumálanám.....	10
Framhaldsskóli.....	198
Háskólanám.....	262
Tómstundanám.....	48
Starfstengt nám/námskeið.....	148
Almenn ökuréttindi.....	67
Sjálfstyrkingarnámskeið.....	47
Náms- og kynnisferðir.....	18
Annað.....	1

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almenni markaðurinn.....	633
Sveitarfélög.....	254
Ríkið.....	21

Aldursdreifing styrkþega

17-20 ára	149
21-30 ára	322
31-40 ára	158
41-50 ára	83
51-60 ára	64
61-70 ára	32



Útgáfa og kynningarmál

Eins og áður gaf félagið út þrjú blöð á síðasta ári; orlofsblað, sumarblað og jólablað. Félagsblöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 12.000 eintökum.



Heimasíða félagsins var eins og áður vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Ný heimasíða var tekin í gegnið á starfsárinu og var markmiðið með henni að útbúa vef sem þjónar félagsmönnum sem best. T.d. var það gert með því að leggja áherslu á að ásýnd nýja vefsins væri nútímaleg og snjalltækjavæn. Tekið var til í leiðakerfinu þannig að vefurinn er nú auðskiljanlegri og notast við hugtök og yfirflokka sem leiða notandann áfram á enn þægilegri hátt en áður. Notast er við stóra valmynd sem gefur góða yfirsýn yfir innihald og er aukaefni og tengiliðir birtir þar sem við á til að auðvelda næstu skref. Fyrir utan auðveldari flokkun og þægilegri vef að vafra þá er nú auðveldara að hafa samband, augljóst hver tengiliður er varðandi ákveðin atriðið og einnig var leitarvél in endurbætt.

Framleidd var auglýsing sem ætlað var að höfða til yngri félagsmanna, með það að markmiði að hvetja

ungt fólk á vinnumarkaði að sækja sinn rétt og þekkja sínar skyldur. Samið var við framleiðslu-fyrirtækið Kraumar um verkið og fór í gang gott samstarf sem endaði með því að auglýsingin fór í loftið í mars sl., en hana má m.a. sjá á inni á Facebook síðu félagsins.

Auglýsingin og klippur úr henni hafa fengið mjög góðar móttökur og mikið áhorf á samfélagsmiðlum.

Skólaheimsóknir

Frá árinu 1998 hefur félagið verið með fræðslu í öllum tíundabekkjum á félagssvæðinu. Einnig hefur stundum verið fræðsla í MA og í VMA. Í nóvember var óskað eftir kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði fyrir um 50 nemendur Hólaskóla.

Leikhús

Á hverju ári eru félagsmönnum sem eru lífeyrisþegar og mökum þeirra boðið í leikhús. Í byrjun mars sl. fóru 75 félagsmenn og sáu leikritið Dagbók Önnu Frank sem verið var að sýna í Freyvangsleikhúsinu. Á sýningunni var boðið upp á kaffi og meðlæti.



Orlofsmál

Árið 2019 var að venju boðið upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn.

Um 70 félagsmenn og fjölskyldumeðlimir þeirra fóru í mjög góða dagsferð út í Grímsey 23. júní. Farið var með rútu frá Akureyri til Dalvíkur kl. 8:00 þar sem Sæfari fór með hópinn til Grímseyjar. Stoppað var í 4 tíma og síðan siglt til baka til Dalvíkur þar sem rútan beið og skilar ferðalöngum til Akureyrar á ný.

Um 50 félagsmenn og makar fóru í mjög góða ferð til Þýskalands, Austurríkis, Króatíu og Slóveníu dagana 10. til 20. ágúst.

Um 65 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn og maka þeirra sem var farin 27. júní. Að þessu sinni var farið var austur í Kelduhverfi. Stoppað var á Húsavík þar sem safnahúsið var skoðað, þaðan var farið í Skúlagarð þar sem snæddur var hádegisverður. Eftir góðan hádegisverð var farið í Ásbyrgi og eftir að hafa gengið þar um og farið í Gljúfrastofu, þar sem Guðmundur Ögmundsson þjóðgarðsvörður tók á móti hópnum og sagði frá svæðinu, var farið upp að Dettifossi þar sem var stoppað og gengu fjölmargir niður að fossinum. Þaðan var farið í Mývatnssveit, þar sem farið var í Dyngjuna, og að lokum til Akureyrar með kaffistoppi á Stórutjörnum. Frábær ferð í alla staði.



„Orlof að eigin vali“

Á árinu 2019 voru í boði 300 styrkir sem nefnast „Orlof að eigin vali.“ Hver styrkur var að upphæð kr. 25.000 og voru þeir vel nýttir af félagsmönnum.

Orlofshús og orlofsíbúðir

21 orlofshús og sex orlofsíbúðir eru nú í eigu félagsins. Íbúðirnar sex eru á Höfuðborgarsvæðinu, en íbúð sem félagið átti á Egilsstöðum var seld á starfsárinu. Félagið keypti þrjá bústaði á Einarstöðum

Skipti- og leiguhús	Sumarvikur
Spánn (1)	18
Bjarteyjarsandur (1) ...	9
Brekuskógur (2)	21
Einarsstaðir (2)	27
Garðshorn (1)	9
Klifabotn í Lóni (1)	9
Kötluholt (1)	10
Munaðarnes (1)	10
Úlfljótsvatn (1)	9
Ölfusborgir (1)	10

og á nú þar fjóra bústaði. Þá var ný sjúkrahúsið félagsins í Reykjavík tekin í notkun á starfsárinu.

Félagsmönnum var aftur boðið upp á íbúð á Spáni síðasta sumar og er hún einnig í boði í sumar. Um er að ræða efri sérhæð í nýlegum íbúðarkjarna í Lomas de Cabo Roig hverfinu sem er í um 30 mín. fjarlægð frá Alicante, á svæði sem heitir Casa Tarife. Alls sóttu 30 félagsmenn um leigurnar níu sem í boði voru í fyrra, en hver leiga er tvær vikur og því var um að ræða 18 vikur í heildina.

Þrif og umsjón

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Félagsmenn þurfa sjálfir að þrifa orlofshús félagsins áður en þeim er skilað. Orlofshúsin eru sameign okkar allra og er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. **Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim.** Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð eða orlofshús hjá félaginu.

Sumarúthlutun

Einungis er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki vegna sumarúthlutunar á rafrænan hátt á orlofshúsavef félagsins.

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp. Leigutaki þarf að borga kr. 25.000 sekt ef reglan er brotin.

Nýting orlofshúsa 2019

Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-Iðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús.

Nýting húsa í fyrra má sjá í eftirfarandi töflum.

Hús í eigu félagsins	Leigur (vikur og helgar)
Egilsstaðir (1) seld haustið 2019.....	20
Einarsstaðir (4) 3 hús keypt haust 2019..	21
Illugastaðir (6) (14 yfir veturinn) ...	355
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	11
Svignaskarð (1)	53
Tjarnargerði (1)	55
Höfuðborgarsvæðið (6)	309
Sjúkrahúsið (3)	231

Fundir hjá félaginu



Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og hjá deildarstjórnunum, í trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn og forystumenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Kynningarfundir vegna nýrra kjarasamninga félagsins og fjölmargir fundir með trúnaðarmönnum voru haldnir.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð hélt tvo fundi. Á fyrri fundinum var gengið frá fulltrúum félagsins á 7. þing SGS sem fram fór í október og 36. þing AN sem fram fór í september. Björn formaður fór yfir stöðuna sem uppi var í viðræðum við ríki og sveitarfélög. Þá var sagt frá sölu á íbúð félagsins á Egilsstöðum og kaupum á þremur orlofshúsum á Einarstöðum. Rætt var um nýja sjúkraíbúð félagsins í Reykjavík og vinnutíma-styttingu á almenna markaðinum. Minnt var á reglur varðandi námskeið og styrki varðandi þau.

Á seinni fundinum var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2020/2021 og skilafrest lista. Á fundinn mætti Ásgeir Örn frá Pacta og fjallaði um tómlæti og afleyðingar þess ef þarf að gera launakröfur. Hann fjallaði m.a. um ýmsa dóma sem fallið hafa í málum sem þessum. Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri fræðslusjóðanna Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar, mætti einnig á fundinn og kynnti sjóðina fyrir fundarmönnum, m.a. breytingar sem urðu á styrkuppþæðum um síðustu áramót. Miklar og góðar umræður urðu um þessa liði.

Samninganefnd

Haldnir voru fjórir fundir í samninganefnd félagsins á starfsárinu.

Á fyrsta fundi var farið yfir stöðuna sem uppi var í kjarasamningaviðræðum við SA, ríki og við sveitarfélögin.

Á fundi tvö var farið yfir stöðuna sem uppi var í kjarasamningaviðræðum við SA. Farið var yfir og samþykkt aðgerðaplan sem aðgerðarnefnd SGS sendi inn til samninganefndar SGS vegna vinnustöðvunar og atkvæðagreiðslu um hana. Kosið var um formann og varformann kjörstjórnar vegna atkvæðagreiðslunnar. Einnig var farið yfir stöðuna á samningum í sambandi við ríki og sveitarfélög.

Á þriðja fundi nefndarinnar var nýr samningur við SA kynntur og urðu miklar og góðar umræður um samninginn. Farið var yfir atkvæðagreiðslu um hann og fyrirhugaða kynningarfundir.

Á fjórða fundi var farið yfir farið yfir stöðuna á samningum í sambandi við ríki og sveitarfélög.

Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi á starfsárinu og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið. Þó urðu þeir færri en vanalega vegna ástandsins í þjóðfélaginu vegna Covid-19.



Fimm kynningarfundur fóru fram á nýjum samningi við Samtök atvinnulífsins og sex á nýjum samningi við sveitarfélögin. Til stóð að halda tvo kynningarfundir á nýjum kjaraamningi við ríkið en vegna Covid-19 þurfti að hætta við þá og voru félagsmenn með spurningar um hann hvattir til að hafa samband við félagið og skoða kynningarefni á netinu.

Í lok janúar og byrjun febrúar voru haldnir fundir í svæðisráðum félagsins, þ.e. Grýtubakkahrepps, Fjallabyggðar og Hríseyjar og Dalvíkurbyggðar. Á fundunum, sem túlkaðir voru yfir á pólsku, fjallaði Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs Stapa lífeyrissjóðs um lífeyrismál. Einnig var farið yfir niðurstöður Gallup könnunar félagsins.

Búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi á starfsárinu, þar sem átt hafa sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Trúnaðarmenn hafa verið hvattir til að vera duglegir að halda slíka fundi með starfsmönnum félagsins. Fjölmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum. Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

Stjórnarfundir

13 fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin. Hér má sjá helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum, en vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin

ávallt hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.

Á öllum fundum stjórnar er einnig lagður fram listi yfir nýja félaga sem gengið hafa í félagið frá síðasta stjórnarfundi.



Á fyrsta fundi stjórnar, sem haldinn var 8. apríl, var m.a. lögð fram skýrsla um endurskoðun Enor á reikningum Einingar-löðu fyrir árið 2018. Sagt var frá ráðningu nýs starfsmanns í stað Hafðísar. Sagt var frá því að skrifað hefði verið undir nýjan kjarasamning við SA og fjallað um rafræna atkvæðagreiðslu um hann og fimm kynningarfundum um hann á svæðinu. Farið var yfir stöðuna í samningaviðræðum við ríki og sveitarfélögin. Fjallað var um LÝSU, áður Fund fólksins. Rædd var og samþykkt tillaga um að fá endurskoðendur félagsins til að gera úttekt á Sjúkrasjóðnum. Einnig var farið yfir tölur yfir greiðendur félagsgjalda árið 2018. Lagt var fram bréf frá stjórn Alþýðusambands Norðurlands þar sem boðað var til 36. þings AN.

Á fundi 13. maí sem fram fór skrifstofu félagsins í Fjallabyggð var m.a. farið yfir niðurstaða úr kosningu um nýjan samning við SA. Farið var yfir stöðuna í samningaviðræðum við ríki og sveitarfélögin. Farið var yfir fundargerð opinberudeildar frá 8. maí. Sagt var frá aðalfundi Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum sem fram fór á Illugastöðum 6. maí. Einnig var farið yfir aðalfund Orlofsbyggðarinnar í Svignaskarði sem fram fór í Reykjavík 7. maí. Lögð var fram niðurstaða úr spurningarvagni RHA sem félagið tók þátt í. Lagt var fram bréf þar sem skrifstofa ASÍ staðfestir móttöku á ársreikningum félagsins fyrir árið 2018 og upplýsir að þeir uppfylli þær lágmarkskröfur sem lög ASÍ gera m.t.t. athugasemdaleusra áritana endurskoðenda og stjórnar félagsins. Einnig var sagt frá ferð sem ASÍ var að skipuleggja til Palestínu til að heimsækja verkalyóðsfélög á svæðinu og kynna sér aðstæður fólks þarna. Þá var lagt fram tilboð og samþykkt vegna lagfæringar á loftræstikerfinu í Alþýðuhúsinu. Formanni var veitt umboð til að skifa undir gögn vegna breytinga á eignaskiptum á húsum á Illugastöðum. Þar sem búið var að skipta svæðinu í lóðir þurfti að skrifa undir eignaskiptasamning fyrir hvert hús til þinglýsa þeim á hvert félag, en þau voru skráð eign Orlofsbyggðarinnar.

Á fundi 25. júní fór endurskoðandi félagsins yfir úttekt sem gerð var á sjúkrasjóðnum fyrir árið 2018. Einnig var m.a. farið yfir stöðuna í samningaviðræðum við ríki og sveitarfélögin. Sagt var frá aðalfundi Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi sem haldinn var þann 30. maí í Flókalundi og frá aðalfundi Orlofsbyggðarinnar á Einarstöðum sem haldinn var 20. júní. Formanni var veitt umboð til að skifa undir gögn vegna breytinga á eignaskiptum á húsum í Flókalundi. Sagt var frá hugmynd um ungliðahreyfingu félagsins sem myndi sérhæfa sig í fræðslu og umfjöllun málefna ungs fólks á vinnu-markaði, EIN-UNG. Fjallað var um viðveru starfsmanna frá Akureyri á öðrum skrifstofum félagsins og hvernig til hefði tekist. Sigurpáll og Guðbjörg sögðu frá fundi ungliða SGS sem þau fóru á en hann var á Hótel Hallormsstað á Austurlandi dagana 22. og 23. maí. Sigríður sagði frá útvíkkuðum formannafundi SGS sem fram fór á Hótel Hallormsstað 23. og 24. maí. En hún fór í forföllum Önnu varaformanns með Birni formanni. Sagt var frá niðurstöðu könnunar um traust til ASÍ sem gerð er árlega. Einnig voru málefni Stapa rædd.

7. ágúst var m.a. farið yfir stöðuna í samningaviðræðum við ríki og sveitarfélögin. Rædd var sala á íbúð félagsins á Egilsstöðum og gengið frá umboði til formanns til að skrifa undir varðandi söluna. Rætt um og samþykkt tilboð frá AFLi um að kaupa af þeim þrjú orlofshús á Einarstöðum. Rætt var um áframhaldandi átak varðandi vinnustaðaeftirlit. Farið yfir fyrirhugaðan árlegan starfsdag félagsins. Ákveðið að framkvæma könnun meðal félagsmanna sem leigðu sumarhús og íbúðir sumarið 2019. Sagt var frá fyrirhuguðum þingum SGS og AN síðar á árinu. Ákveðið var að fara í viðgerðir á þremur húsum félagsins á Illugastöðum.



Frá árlegum starfsdegi félagsins

Á fundi 12. september var m.a. farið yfir stöðuna í samningaviðræðum við ríki og sveitarfélögin. Lögð var fram dagskrá fyrir árlegan starfsdag félagsins. Einnig voru lagðar fram tillögur um fulltrúa og varafulltrúa félagsins á þing SGS og þing AN. Lagður var fram kaupsamningur vegna þriggja orlofshúsa á Einarstöðum sem félagið var að kaupa af AFLi starfsgreinafélagi og samþykkt að fara í framkvæmdir á húsum nr. 21 og 22 veturinn 19/20 og á húsum 26 og 31 árið 2021. Tekið var fyrir erindi frá Sparisjóði Höfðhverfinga. Samþykkt var samhljóða á fundinum

að kaupa stofnfé í Sparisjóðnum að upphæð kr. 10.000.000. Sagt var frá því að miðstjórn ASÍ væri búin að staðfesta ný lög Einingar-Iðju sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi félagsins, þann 21. mars 2019. Þá var einnig sagt var frá því að undirbúningsvinna vegna kjarakönnunar félagsins væri farin í gang.

Á fundi 22. október var m.a. farið yfir stöðuna í samningaviðræðum við ríki og sveitarfélögin. Sagt var frá 36. þingi Alþýðusambands Norðurlands sem haldið var á Illugastöðum í Fnjóskadal í lok september. 74 fulltrúar frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu þingið, þar af voru 34 frá Einingu-Iðju. Farið var yfir dagskrá, nefndir og fleira vegna 7. þings SGS sem fram fór á Hótel Reykjavík Natura 24. og 25. október. Á fundinum var samþykkt að skipta um bókhaldskerfi og orlofshúsakerfi fyrir félagið. Lagt var fram og samþykkt plan um fundi í svæðisráðum, aðalfundi deilda og aðalfund félagsins. Farið var yfir fundargerðir stjórnar Iðnaðar- og tækjadeildar frá 8. október og stjórnar Opinberu deildarinnar frá 10. október. Á fundi stjórnar 7. ágúst var samþykkt að gera könnun hjá félagsmönnum sem leigðu sumarhús og/eða íbúð á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst. Þegar starfsmenn félagsins fóru að skoða hvernig best væri að framkvæma slíka könnun var ákveðið að skipta henni í þrennt, þ.e. vegna orlofshúsa, orlofsíbúða og svo íbúðarinnar sem félagið er með á leigu á Spáni. Á fundinum fór Ásgrímur yfir niðurstöður þessara kannanna. Farið var yfir starfsdaginn og voru fundarmenn sammála um að vel hefði tekist til með hann. Samþykkt var erindi frá fjórum samtökum sem eru í samstarfi í að veita jólaaðstoð. Stjórnin samþykkti að veita styrk að upphæð kr. 900.000. Einnig var ákveðið að styrkja Grófina um kr. 100.000. Rætt var um að búa til auglýsingar fyrir unga félagsmenn. Ákveðið að vinna áfram með hugmyndir sem fram komu á fundinum.


Soffía Gísladóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra og Austurlandi, kom á fund stjórnar 12. nóvember og fór yfir horfur í atvinnumálum, bæði á svæðinu og á landinu öllu. Á fundinum var aftur rætt um auglýsingar sem eiga að ná til yngri félagsmanna. Miklar og góðar umræður urðu um málið á fundinum og var samþykkt að taka þetta upp á næsta fundi og fá kynningu frá fyrirtækinu Kraumar sem félagið var búið að vera í sambandi við vegna verkefnisins. Farið var yfir stöðuna í samningaviðræðum við ríki og sveitarfélögin. Einnig var farið yfir 7. þing SGS. Farið var yfir fundargerð stjórnar Matvæla- og þjónustudeildar frá 4. nóvember. Sagt var frá því að framkvæmdir væru að hefjast við tvö húsa félagsins á Einarsstöðum. Rætt var um stöðuna á samningi vegna vinnustaðaeftirlits. Rætt var um fyrirhugaðan fulltrúaráðsfund Stapa. Á fundinum var samþykkt að bjóða eldri félagsmönnum í leikhús, eins og hefur verið gert undanfarin ár. Lagður var fram

samstarfssamingur við SÍMEY og lýsti stjórnin yfir ánægju sína með samninginn. Á fundinum var samþykkt að endurnýja samstarfssamning við Iðnaðarsafnið til næstu þriggja ára. Lögð var fram samþykkt frá ASÍ sem fjallaði um viðbót við ráðningarsamninga starfsfólks stéttarfélaga sem fjallar um réttindi starfsmanns til lögfræðiaðstoðar ef upp kemur ágreiningur vegna launakjara eða annarra réttindamála sem varða hefðbundið vinnuréttarsamband aðila. Stjórnin samþykkti viðbótina. Á fundinum sagði Anna Júlíusdóttir, varaformaður félagsins, frá ferð sem hún fór í með ASÍ til Palestínu til að kynnst af eigin raun aðstæðum vinnandi fólks á svæðinu.

Á fundi 17. desember kynnti Tómas Bjarnason, ráðgjafi hjá Gallup, niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var fyrir Einingu-Iðju og AFL starfsgreinafélag. Lögfræðingur félagsins fór yfir mál sem hann var að vinna í fyrir félagið. Farið var yfir stöðuna sem uppi er varðandi kjarasamninga félagsins. Uppstillinganefnd félagsins fyrir starfsárið 2020–2021 var samþykkt. Farið var yfir fundargerðir stjórna Matvæla- og þjónustudeildar frá 3. desember og Opinberu deildar frá 16. desember.

Á fundi 30. janúar var m.a. lögð fram og samþykkt rekstraráætlun fyrir árið 2020. Farið var yfir stöðuna sem uppi er varðandi kjarasamninga félagsins. Farið var yfir fundargerðir stjórna Matvæla- og þjónustudeildar frá 13. janúar, Opinberu deildar frá 16. janúar og Iðnaðar- og tækjadeildar frá 8. og 29. janúar. Lagt var fram félagatal frá því um áramótin. Fjallað um leiguverð orlofshúsa og ákvörðun tekin um leiguverð sumarsins. Skipað var í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Einnig var skipað í nefnd til að fara yfir reglugerð sjúkrasjóðsins. Fjallað var um væntanlega aðalfundi deilda.

Á fundi 17. febrúar var m.a. farið yfir niðurstöðu úr atkvæðagreiðslu um sveitarfélagasamningana og farið yfir stöðuna varðandi kjarasamninga félagsins við ríkið og við Laugaland. Fjallað var um aðalfundi deildanna sem haldnir voru 6. febrúar. Fjallað var um starfsmannamál á fundinum. Farið var yfir hvernig gangi í framkvæmdum á tveimur húsum félagsins á Illugastöðum.



Á fundi 31. mars sem fram fór í gegnum fjarfundarbúnað var m.a. farið yfir stöðuna á félagssvæðinu vegna Covid-19. Einnig var farið yfir starfsemi félagsins vegna ástandsins. Farið var yfir niðurstöðu úr atkvæðagreiðslu um ríkissamningana og nýs

samnings við Laugaland. Samþykkt var að fá endurskoðanda félagsins til að skoða stöðu sjúkrasjóðs með tilliti til væntanlegs aukins álags vegna Covid 19. Rætt var um innheimtu félagsgjalda. Lögð var fram niðurstaða nefndar um fólk í nefndir og ráð sem kosið verður á aðalfundi félagsins. Farið var yfir stöðuna á innleiðingu nýs félagakerfis og nýs orlofs-húsakerfis. Samþykkt var ný dagsetning fyrir aðalfund félagsins. Rætt var um orlofshúsaumsóknir sumarsins.

Hermann Brynjarsson, endurskoðandi félagsins, kom á fund stjórnar 5. maí og kynnti reikninga fyrir síðasta ár. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá. Hermann kynnti einnig nokkrar sviðsmyndir varðandi sjúkrasjóð félagsins. Aftur var farið yfir stöðuna á félagssvæðinu vegna Covid-19. Á fundinum var einnig farið yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 8 júní. Sagt var frá að útvíkkaður formannafundur SGS verði á Icelandair Hótel Mývatni í september og að ungliðafundur SGS verði á sama stað í september. Samþykkt var að félagið sendi tvo til þrjá fulltrúa eins og undanfarin ár. Rætt var um Félagsmannasjóð SGS og sagt frá að dagsetningum á fulltrúaráðsfundi og ársfundi Stapa.

Á lokafundi stjórnar þetta starfsárið, þann 27. maí sl., var m.a. farið yfir aðalfund félagsins, farið yfir skiptingu félagsmanna eftir deildum og sveitarfélögum. Tekið var fyrir erindi frá stjórn Alpýðusambands Norðurlands og rætt var um Félagsmannasjóð SGS. Þá var farið yfir stöðuna á framkvæmdum á orlofs-húsum félagsins á Einarstöðum og í Flókalundi.

Aðalfundir starfsgreinadeilda



Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-Iðju fóru fram 6. febrúar sl. í Alpýðuhúsinu á Akureyri. Góð mæting var á fundina sem tókust mjög vel. Í upphafi var sameiginleg dagskrá þar sem Helga Hrönn Óladóttir, framkvæmdastjóri Streituskólans og Streitu-móttökunnar á Norðurlandi, var með fyrirlesturinn *Sigrast á streitunni – leiðir til lausna*. Að því loknu hélt hver deild fyrir sig sinn hefðbundna aðalfund, þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf. Í ár var kosið í öllum deildum til tveggja ára um embætti varaformanns og þriggja meðstjórnanda. Einnig var kosið um tvo meðstjórnendur til eins árs í Iðnaðar- og

tækjadeildinni og einn í Matvæla- og þjónustu-deildinni og í Opinberu deildinni.

Þing og ársfundir

Í maí var haldinn ársfundur Stapa, 36. þing AN fór fram í september og í október fór fram 7. þing SGS. Þá fóru fulltrúaráðsfundir Stapa fram í nóvember og júní. Eining-Iðja átti að sjálfsögðu fulltrúa á þessum stöðum og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum samkomum.

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn á Akureyri 8. maí. 2019. Mæting á fundinn var góð og fór hann vel fram. Hægt var í fyrsta sinn að fylgjast með fundinum í beinni vefútsendingu á heimasíðu sjóðsins. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 41 fulltrúi frá Einingu-Iðju áttu rétt á setu á fundinum þar sem Erla Jónsdóttir, stjórnar-formaður Stapa, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2018.



Þá fór Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreiknings sjóðsins og áritanir og gerði grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu Stapa sem tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson vann fyrir sjóðinn. Var ársreikningur sjóðsins samþykktur samhljóða að yfirferð lokinni. Einnig kynnti Brynjar Þór Hreinsson, fjárfestingarstjóri Stapa, fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Á heimasíðunni www.stapi.is, má fá frekari upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

Fulltrúaráðsfundir Stapa

Fulltrúaráðið er samkvæmt samþykktum sjóðsins skipað þeim aðilum sem voru fulltrúar launamanna og atvinnurekenda á ársfundi sjóðsins. Á síðasta ársfundi sjóðsins var samþykkt að stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráðið tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomandi kjarasamninga hverju sinni.

Fyrri fundurinn fór fram 18. nóvember þar sem Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa fór yfir lykiltölur úr rekstri og framvindu fjárfestingarstefnu. Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs Stapa fjallaði um réttindakerfi

sjóðsing og Einar Ingimundarson, lögfræðingur Stapa, fjallaði um aukið hlutverk fulltrúaráðs.

Á seinni fundinum sem fram fór 2. júní sl. var farið yfir lykiltölur úr afkomu, fjárfestingarstefnu ársins, starfskjarastefnu sjóðsins, breytingar á samþykktum og staðfestar voru tilnefningar í stjórn sjóðsins.

36. þing AN

74 fulltrúar, frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu 36. þing Alþýðusambands Norðurlands sem fram fór á Illugastöðum í Fnjóskadal í september 2019, þar af voru 34 frá Einingu-Iðju. Þingið tókst í alla staði mjög vel og var ein ályktun um lífeyrismál samþykkt samhljóða á þinginu.

7. þing SGS

Sjöunda þing Starfsgreinasambands Íslands fór fram í október 2019. Mikill kraftur var í umræðum á

þinginu m.a. um kjaramál í víðtækum skilningi, baráttu við launabjófnað, húsnæðismál, mikilvægi þess að vaxtalækkanir skili sér til almennings og heilbrigðismál, sérstaklega þann mikla kostnað sem íbúar landsbyggðarinnar bera við að sækja sér nauðsynlega lækniþjónustu.

Á þinginu var forysta sambandsins kjörin til næstu tveggja ára. Björn Snæbjörnsson var endurkjörinn formaður SGS til tveggja ára og Sólveig Anna Jónsdóttir var kjörin varaformaður. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir sem verið hefur varaformaður gaf ekki kost á sér áfram, en hún tók sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Á þinginu var samþykkt að stækka framkvæmdastjórnina og skipa hana nú sjö meðstjórnendur auk formanns og varaformanns.



Fulltrúar félagsins á 36. þingi AN

Framkvæmdir hjá félaginu

Á starfsárinu þurfti að fara í framkvæmdir á þremur húsum félagsins á Illugastöðum. Skipt var um einangrun í gólfi, en til að það væri hægt þurfti að tæma húsin og rífa upp allt gólfíð. Ný einangrun, nýjar plötur og nýtt gólfefni var sett í staðin. Jafnframt var ákveðið að endurnýja baðherbergið þar sem m.a. voru settar flísar á gólf og vegg, ný innrétting og ný sturta.

Á starfsárinu keypti félagið þrjú orlofshús á Einarstöðum og var ákveðið að taka tvö þeirra í gegn sl. vetur og eitt næsta vetur, ásamt húsi sem félagið átti á svæðinu. Húsin tvö verða tilbúin í útleigu í lok júní og verða glæsileg.



Í Flókalundi er búið að einangra og klæða húsið að utan. Þá er búið að laga pallinn og skipta um þak.

Ennfremur var farið í almennt viðhald, í öðrum orlofshúsum og íbúðum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins má finna niðurstöður í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna sl. haust. Eins og undanfarin ár sá Gallup um framkvæmd könnunarinnar, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna.

Þetta var í níunda sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slík könnun verði framkvæmd í samstarfi við AFL næsta haust.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Einingu-löðu

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Einingar-löðu fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

